

Ákvörðun

skv. VI. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, vegna mats á hæfi

**Egla hf., Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga,
Samvinnulífeyrissjóðsins og Vátryggingafélags Íslands hf.,
til að fara með virkan eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf.**

1. Inngangur

Með bréfi, dags. 16. janúar 2003, lögðu Egla hf., Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Samvinnulífeyrissjóðurinn og Vátryggingafélag Íslands hf. (hér eftir nefndir umsækjendur) fram umsókn um samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir kaupum á virkum eignarhlut, eða 45,8%, í Búnaðarbanka Íslands hf. (hér eftir nefndur Búnaðarbankinn). Var umsóknin sett fram með vísan til 40. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Með umsókninni fylgdu upplýsingar skv. 41. gr. sömu laga. Áður höfðu umsækjendur gert grein fyrir fyrirhugaðri fjárfestingu, með bréfi, dags. 8. janúar 2003. Með bréfi, dags. 17. janúar 2003, gerði viðskiptaráðuneytið Fjármálaeftirlitinu grein fyrir kaupsamningi viðskiptaráðherra, f.h. ríkissjóðs Íslands við umsækjendur, sem undirritaður var þann 16. sama mánaðar.

Kaupendur hlutfjár samkvæmt kaupsamningi eru nánar tiltekið eftirtaldir:

- Egla hf., kt. 551102-2030, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, er kaupandi 71,2% hins keypta hlutar eða 32,6% heildarhlutfjár í Búnaðarbankanum. Egla er í eigu Hauck & Aufhaeuser Privatbankiers KGAA (Kaiserstraße 24, Frankfurt, Þýskalandi (50% heildarhlutfjár í Eglu), Kers hf. (49,5% hlutfjár í Eglu) og Vátryggingafélags Íslands hf. (0,5% hlutfjár í Eglu). Tilgangur Egla hf. er að vera eignarhaldsfélag um hluti keypta af félaginu í Búnaðarbankanum, í samræmi við ákvæði kaupsamnings við íslenska ríkið, dags. 16. janúar 2003.
- Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, kt. 550269-0589, er kaupandi 7,6% hins keypta hlutar, eða 3,5% heildarhlutfjár í Búnaðarbankanum.
- Samvinnulífeyrissjóðurinn, kt. 430269-0389, er kaupandi 8,5% hins keypta hlutar eða 3,9% heildarhlutfjár í Búnaðarbankanum.
- Vátryggingafélag Íslands hf. (hér eftir nefnt VÍS), kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík, er beinn kaupandi 12,7% hins keypta hlutar eða 5,8% heildarhlutfjár í Búnaðarbankanum. Til viðbótar á VÍS 0,5% hlutfjár í Eglu, sem nemur 0,2% óbeinni eignarhlutdeild í Búnaðarbanka Íslands hf.

Samkvæmt kaupsamningi fara aðilaskipti samkvæmt honum þannig fram að 27,48% hlutfjár í Búnaðarbankanum verða afhent að uppfylltum skilyrðum samningsins, en 18,32% hlutfjárins verða afhent þegar kaupandi óskar en þó eigi síðar en 20. desember, að uppfylltum skilyrðum samningsins. Kaupendur taka við réttindum og skyldum samkvæmt hinum seldu hlutum, þ.m.t. atkvæðisrétti, frá og með afhendingu hlutanna.

2. Málsmeðferð og gagnaöflun

Með bréfi, dags. 5. febrúar 2003, sem afhent var á fundi með forsvarsmönnum umsækjenda þann sama dag, leitaði Fjármálaeftirlitið ítarlegra upplýsinga, sjónarmiða og gagna sem tengdust umsókninni. Leitað var m.a. nánari upplýsinga um samstarf umsækjenda, tengsl umsækjenda við aðra hluthafa í bankanum og stjórnarsetu forsvarsmanna umsækjenda annars staðar, sjónarmiða um að fella eignarhald umsækjenda undir eitt eignarhaldsfélag og viðmiða um fjárhagslegan styrkleika félagsins, auk nánari upplýsinga um áform umsækjenda um breytingar á verkefnum bankans, fjármögnun fjárfestingarinnar, fjárhagsstöðu umsækjenda, fyrirhuguð viðskiptatengsl við bankann, fyrirhugaða þátttöku í bankaráði, sjónarmiða um hvort umsækjendur væru reiðubúnir til að standa að styrkingu innri starfsreglna Búnaðarbankans o.fl. Beiðnin var sett fram með hliðsjón af því hlutverki Fjármálaeftirlitsins að leggja mat á hvort umsækjendur séu hæfir til að eiga virkan eignarhlut með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs þess viðskiptabanka sem umsóknin varðar.

Með bréfi, dags. 17. febrúar, sem afhent var á fundi þann sama dag, var fyrrnefndu bréfi Fjármálaeftirlitsins svarað. Í bréfinu voru veittar þær viðbótarupplýsingar sem óskað var eftir.

Þann 6. febrúar 2002 beindi Fjármálaeftirlitið fyrirspurn til Búnaðarbanka Íslands hf. þar sem óskað var upplýsinga og gagna til að unnt væri að meta áhrif fyrirhugaðra breytinga á eignarhaldi á rekstur bankans. Var m.a. óskað upplýsinga um líkleg áhrif viðskiptanna á fjármögnunarmöguleika bankans og sjónarmiða um hvort styrkja þyrft innri starfsreglur bankans. Svar við erindinu barst Fjármálaeftirlitinu með bréfi, dags. 14. febrúar sl.

Með bréfi til umsækjenda, dags. 13. mars 2003, óskað Fjármálaeftirlitið eftir frekari sjónarmiðum og upplýsingum frá umsækjendum. Svar við bréfi þessu barst með bréfi umsækjenda dags. 14. mars. Þar lýsa umsækjendur því yfir að þeir skuldbindi sig til að uppfylla tiltekin skilyrði og stuðla að tilteknum breytingum eins og Fjármálaeftirlitið hafði í bréfi sínu óskað sjónarmiða um.

Þá hefur Fjármálaeftirlitið beint erindum til nokkurra hluthafa Búnaðarbankans í því skyni að kanna hugsanleg tengsl þeirra við umsækjendur. Þeim erindum hefur verið svarað. Ennfremur hefur Fjármálaeftirlitið átt í samskiptum við og beint erindum til eftirlitsaðila í Þýskalandi, vegna þátttöku Hauck & Aufhaeuser í fyrirhuguðum kaupum, og eftirlitsaðila í Luxembúrg, vegna dótturfyrirtækis og útibús Búnaðarbankans þar í landi.

Til viðbótar framangreindu hefur Fjármálaeftirlitið átt nokkra fundi með forsvarsmönnum umsækjenda í tengslum við meðferð málsins. M.a. átti Fjármálaeftirlitið fund með forsvarsmönnum VÍS og leitaði sjónarmiða félagsins um þátttöku þess í Eglu hf.

3. Mat á hæfi umsækjenda

Í 42. gr. laga nr. 161/2002 er kveðið á um atriði sem m.a. skuli höfð hliðsjón af við mat á hæfi til að fara með virkan eignarhlut, en ekki er um tæmandi talningu að ræða. Hér á eftir verður fjallað um einstaka liði sem komið hafa til skoðunar af hálfu Fjármálaeftirlitsins, með vísan til einstakra töluliða 42. gr. laga nr. 161/2002, eftir því

sem við á. Við matið er horft til þess að um verulegar breytingar á eignarhaldi viðkomandi viðskiptabanka er að ræða nái fyrirhuguð viðskipti fram að ganga, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 42. gr. laganna.

Ákvörðun þessi byggir á umsókn umsækjenda um samþykki fyrir kaupum á 45,8% eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Ákvörðunin byggir enn fremur á því að með þeim kaupum muni ekki stofnast til yfirtökuskyldu samkvæmt ákvæðum laga um kauphallir og skipulega tilboðsmarkaði, enda er það forsenda kaupanna samkvæmt kaupsamningi.

3.1 Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjendur hyggjast fjárfesta í (4. tölul. 42. gr.)

Við athugun Fjármálaeftirlitsins, upplýsingaöflun og mat á einstökum atriðum hefur Fjármálaeftirlitið haft hliðsjón af stærð þess eignarhlutar sem sótt er um samþykki fyrir. Við matið er horft til þess að um er að ræða verulegar breytingar á eignarhaldi Búnaðarbankans, nái fyrirhuguð viðskipti fram að ganga.

Ótvírætt er, m.a. með hliðsjón af fyrirliggjandi hluthafasamkomulagi umsækjenda, að eignarhlutur sá sem sótt er um samþykki fyrir telst virkur eignarhlutur í skilningi 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002.

Með hliðsjón af framangreindu, og með vísan til annarra töluliða 42. gr. laga nr. 161/2002, hefur Fjármálaeftirlitið tekið tvö atriði til sérstakrar athugunar. Annars vegar taldi Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að taka til skoðunar hvort umsækjendur ættu fyrir hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf. eða tengsl umsækjenda við aðra eigendur hlutafjár í bankanum væru slík að teldust fara saman með virkan eignarhlut í skilningi 40. gr. laga nr. 161/2002. Hins vegar hefur Fjármálaeftirlitið tekið til athugunar skipulag eignarhlutarins og gegnsæi í meðferð hans, í ljósi þess að þrír umsækjenda hafa kosið að standa að hluta eða öllu leyti utan eignarhaldsfélagsins Eglu. Rétt þykir að fjalla í upphafi um þessi tvö athugunarefni.

3.1.1 Hugsanleg tengsl umsækjenda við aðra hluthafa Búnaðarbankans.

Fjármálaeftirlitið taldi við meðferð málsins nauðsynlegt að taka til skoðunar hvort ástæða væri til að ætla að virkur eignarhlutur umsækjenda væri í raun stærri en umsókn þeirra beindist að. Kom því til athugunar hvort umsækjendur ættu fyrir hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf. eða tengsl umsækjenda við aðra eigendur hlutafjár í bankanum væru slík að þeir teldust fara saman með virkan eignarhlut í skilningi 40. gr. laga nr. 161/2002.

Samkvæmt hluthafalista Búnaðarbanka Íslands hf. eru umsækjendur ekki eigendur hlutafjár í bankanum með beinum hætti en nauðsynlegt er að líta til þess hver hugsanleg óbein hlutdeild þeirra er í hlutafé Búnaðarbanka Íslands hf. Samkvæmt 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 er með virkum eignarhlut átt við beina eða óbeina hlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis. Í skýringum við þetta ákvæði í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 161/2002 kemur fram að með “óbeinni” hlutdeild sé átt við að ekki sé nauðsynlegt að aðili sé sjálfur eigandi hlutanna eða atkvæðisréttarins, heldur nægi að hann ráði með einhverjum öðrum hætti yfir virka eignarhlutum. Í dæmaskyni er síðan meðal annars tekið fram að undir óbeina hlutdeild falli einnig það tilvik þegar

tveir eða fleiri hluthafar komi sér með formlegu eða óformlegu samkomulagi saman um samræmda beitingu samanlagðs atkvæðisréttar.

Fjármálaeftirlitið aflaði upplýsinga og sjónarmiða frá umsækjendum og aðilum sem það taldi að kynnu að vera tengdir umsækjendum. Hafði Fjármálaeftirlitið, m.a. með vísan til fyrirbyggjandi hluthafasamkomulags, ástæðu til að ætla að virkur eignarhlutur umsækjenda og tengdra aðila, í skilningi 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002, kynni í raun að nema stærri hluta af heildarhlutafé Búnaðarbanka Íslands hf. en umsókn þeirra gaf til kynna.

Fram kom hjá umsækjendum að þeir teldu að ekki væri um að ræða tengsl í skilningi 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 og að ekkert samkomulag væri á milli umsækjenda og annarra aðila um meðferð eignarhluta í Búnaðarbankanum. Ennfremur væri þeim ekki kunnugt um að í gildi væru samningar milli annarra en umsækjenda um ráðstöfun hluta í bankanum. Sjónarmið forsvarsmanna þeirra eignarhluta sem Fjármálaeftirlitið leitaði upplýsinga um eru á sama veg.

Í ljósi sjónarmiða umsækjenda og þess að aðilaskipti að eignarhlut og atkvæðisrétti munu ekki koma að fullu til framkvæmda þegar í stað, hefur Fjármálaeftirlitið ekki tekið endanlega afstöðu til þess hvort fyrrgreindir aðilar teljist ásamt umsækjendum fara saman með virkan eignarhlut í Búnaðarbankanum. Afgreiðsla umsóknar þessarar miðast því við umsækjendur og hinn umsótta eignarhlut, þ.e. 45,8%. Fjármálaeftirlitið mun hins vegar taka afstöðu til stærðar virka eignarhlutarins þegar og ef kaupsamningur umsækjenda við ríkissjóð Íslands kemur að fullu til framkvæmda.

Umsækjendur hafa einnig lýst því yfir að þeir muni upplýsa Fjármálaeftirlitið um tímasetningu fullra aðilaskipta samkvæmt kaupsamningnum með nægilegum fyrirvara í því skyni að fá þá úr því skorið hvort bein eða óbein hlutdeild umsækjenda og hugsanlegra tengdra aðila í eigin fé eða atkvæðisrétti muni við þau aðilaskipti fara yfir 50%, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002.

Rétt er að taka fram að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins er ótengd umfjöllun um hvort og hvenær yfirtökuskylda skapist skv. 19. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, enda kunna önnur sjónarmið að gilda um tengsl aðila samkvæmt því ákvæði. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins mun byggja á því að með kaupunum stofnist ekki til yfirtökuskyldu enda er það forsenda kaupanna af hálfu umsækjenda.

3.1.2 Skipulag á eignarhaldi á hlutafé því sem umsókn lýtur að.

Fjármálaeftirlitið tók til athugunar skipulag eignarhlutarins og gegnsæi í meðferð hans, í ljósi þess að þrír umsækjenda kusu í upphafi að standa að hluta eða öllu leyti utan eignarhaldsfélagsins Eglu.

Ein megin forsenda þess að aðili geti talist hæfur til að fara með virkan eignarhlut, m.t.t. heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis, er að tryggt sé gegnsæi í eignarhaldi og meðferð eignarhluta. Slíkt gegnsæi varðar almennt mat á þeim atriðum sem kveðið er á um í 42. gr. laga nr. 161/2002 að hafa skuli hliðsjón af við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Í þessu skyni kann við tiltekna aðstæður að vera nauðsynlegt að leggja fyrir umsækjanda að fela allt eignarhald í viðkomandi fjármálafyrirtæki sérstöku eignarhaldsfélagi sem hefði aðeins þann tilgang að sinna eignarhaldi á

fjármálafyrirtækinu. Það á m.a. við ef hinn virki eignarhlutur er stór, til álita kemur hvort sameinaður eignarhlutur myndi stofna til réttarsambands móður- og dótturfélags, eignatengsl eru flókin, hætta væri á hagsmunaárekstrum, úrlausn ágreinings innan hluthafahóps kynni að flytjast inn á hluthafafund fjármálafyrirtækis eða eftirlit með hinum virka eignarhlut væri ella torvelt. Í skýringum við frumvarp það er varð að lögum nr. 161/2002, er áskilnaður um að fela eignarhaldsfélagi meðferð virks eignarhlutar nefndur sem hugsanleg forsenda fyrir samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um samþykki fyrir kaupum á 45,8% eignarhlutar í Búnaðarbanka Íslands hf. Ástæða er til að skoða hvort svo stór eignarhlutur, ef hann væri í eigu eins lögaðila, teldist mynda réttarsamband móður- og dótturfélags, þ.e. hvort líta bæri á slíkan lögaðila sem móðurfélag Búnaðarbankans og þar með eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi 97. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Hugtakið móðurfyrirtæki er skilgreint í 1. mgr. 97. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í tilvitnaðri lagagrein eru talin upp í 5 tölulíðum atriði sem hvert og eitt fyrir sig eru ákvarðandi um það hvort fyrirtæki telst vera móðurfyrirtæki eða ekki. Meginreglan er að um móðurfyrirtæki er að ræða þegar fyrirtæki ræður yfir meirihluta atkvæða í öðru fyrirtæki hvort sem það er á grundvelli meirihluta eignar eða samninga við aðra hluthafa. Í 2.-5. tl. greinarinnar eru rakin önnur atriði sem ákvarðandi eru um hvort fyrirtæki telst móðurfyrirtæki. Af þessu leiðir að félag getur talist móðurfélag án þess að það eigi meirihluta hlutfjár í öðru félagi.

Með því að fallast á að fleiri en einn lögaðili fari án skilyrða með eignarhlut í fjármálafyrirtæki, sem sameinaður undir einum lögaðila teldist mynda móðurfélag samkvæmt framangreindu, væri eigendum svo stórra eignarhluta opin leið til að komast hjá þeim varúðarreglum sem felast í ákvæðum laga nr. 161/2002 er varða eignarhaldsfélög á fjármálasviði. Á það getur Fjármálaeftirlitið ekki fallist.

Bein og óbein tengsl umsækjenda við fyrirtæki á íslenskum samkeppnismarkaði eru talsverð. Fjármálaeftirlitið hefur í samstarfi við forsvarsmenn umsækjenda dregið upp ítarlega mynd af þeim tengslum. Að mati Fjármálaeftirlitsins myndi það greiða verulega fyrir gegnsæi, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auðvelda eftirlit með eignarhaldinu ef Eglu hf. færi með allan eignarhlutinn sem umsóknin lýtur að. Jákvaett er þó að fyrirliggjandi hluthafasamkomulagi er ætlað að tryggja greiða úrlausn ágreiningsefna, auk þess sem tveir umsækjenda eru sjálfstætt undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið hefur við meðferð málsins leitað upplýsinga um ástæður þess að þrír umsækjenda kusu í upphafi að standa að hluta til eða öllu leyti utan eignarhaldsfélagsins Eglu hf. Í gögnum málsins er bent á að tveir umsækjenda, Vátryggingafélag Íslands hf. og Samvinnulífeyrissjóðurinn, séu í fjárfestingum sínum háðir takmörkunum er varða fjárfestingar í óskráðum verðbréfum. Sérstakar rökbundnar ástæður eru hins vegar ekki fyrir ákvörðun Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga að standa utan eignarhaldsfélagsins Eglu hf. Að mati Fjármálaeftirlitsins var að öðru óbreyttu unnt að fella nær allan eignarhlutinn undir Eglu hf., hefði vilji aðila staðið til þess.

Samkvæmt kaupsamningi umsækjenda við ríkissjóð Íslands munu aðilaskipti að 18,32% hlutafjár í Búnaðarbankanum ekki fara fram fyrir en að kaupandi óskar þess en þó eigi síðar en 20. desember 2003.

Við meðferð fyrirbyggjandi umsóknar hafa umsækjendur skuldbundið sig til að fela allan eignarhlut sinn sameiginlegu eignarhaldsfélagi, komi til þess að þeir og tengdir aðilar muni samanlagt fara með stærri eignarhlut en 33,3% hlutafjár í Búnaðarbankanum. Að öðrum kosti verði sá hluti hlutafjárins sem er umfram hið tiltekna hlutfall seldur aðilum sem ekki teljist fara með virkan eignarhlut með umsækjendum. Komi til þess að ákvæði laga standi því í vegi að Samvinnulífeyrissjóðurinn geti staðið að slíkri breytingu á eignarhaldi munu umsækjendur leita viðræðna við Fjármálaeftirlitið um það.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að verði endanleg niðurstaða að umsækjendur tengist öðrum hluthöfum í skilningi 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002., sbr. 1. töluviðbréfs þessa, kunna forsendur um skipulag eignarhalds að koma að nýju til umfjöllunar.

3.2 Fjárhagsstaða umsækjenda og aðila sem hann er í nánnum tengslum við (1. tölul. 42. gr.)

Fjármálaeftirlitið hefur tekið til athugunar ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaða fjármögnun fjárfestingarinnar og fjárhagsstöðu umsækjenda og aðila sem hann er í nánnum tengslum við. Með vísan til framkominna upplýsinga hefur Fjármálaeftirlitið ekki ástæðu til að efast um hæfi umsækjenda til þess að eiga umræddan eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Það mat Fjármálaeftirlitsins byggir m.a. á eftirfarandi:

- Fyrir liggja upplýsingar um eiginfjárframlag vegna kaupanna, áform um frekari fjármögnun og tryggingar. Ennfremur hefur komið fram við vinnslu málsins að Búnaðarbankinn sjálfur eða tengdir aðilar munu ekki koma að fjármögnun kaupanna.
- Tveir umsækjenda, Vátryggingafélag Íslands hf. og Samvinnulífeyrissjóðurinn, eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, sá fyrrnefndi starfar á grundvelli laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, og sá síðarnefndi starfar á grundvelli laga nr. 127/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þessum aðilum ber að uppfylla viðmið umræddra laga og reglna settra samkvæmt þeim, er m.a. varða fjárhagslegan styrkleika þeirra.
- Einn umsækjenda, Hauck & Aufhaeuser, hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki í Þýskalandi og er undir eftirliti þarlandra eftirlitsaðila, Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht (BaFin). Fjármálaeftirlitið óskaði eftir upplýsingum um hvort hinn þýski eftirlitsaðili gerði athugasemd við fyrirhuguð viðskipti Hauck & Aufhaeuser og gerir hann ekki athugasemdir við þau.
- Eignarhaldsfélagið Egla hf. er kaupandi að stærstum hluta þess hlutafjár sem sótt er um samþykki fyrir, þ.e. 71,2% hins keypta hlutar eða 32,6% heildarhlutafjár í Búnaðarbankanum. Í því skyni að tryggja viðunandi fjárhagsstöðu Eglu hf. til framtíðar mæltist Fjármálaeftirlitið til þess að skilgreind yrðu fyrirfram fjárhagsleg viðmið í starfsemi félagsins sem það uppfyllti á hverjum tíma, ásamt því að ákveðin yrði regluleg upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins um fjárhagslega stöðu félagsins. Í viðræðum við forsvarsmenn umsækjenda hefur komið fram að þeir séu reiðubúnir til að viðhalda 30% eiginfjárhlutfalli í félaginu ásamt því að þeir hafa skuldbundið sig til að senda Fjármálaeftirlitinu árs- og

hálfársuppgjör Eglu hf. og Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga, innan tiltekinna tímafresta.

- Samþykktir Eglu einskorðaða tilgang félagsins við eignarhald á hlutum keyptum af félaginu í Búnaðarbankanum, í samræmi við ákvæði kaupsamnings við íslenska ríkið, dags. 16. janúar 2003.

3.3. Þekking og reynsla umsækjenda (2. tölul. 42. gr.)

Fjármálaeftirlitið telur ekki, með hliðsjón af reynslu umsækjenda af rekstri fyrirtækja, þ.á m. víðtækri reynslu af rekstri fyrirtækja á fjármálamarkaði, ástæðu til að gera athugasemd við hæfi þeirra til að fara með eignarhlutinn. Fjármálaeftirlitið hefur áður leitað upplýsinga um hvernig staðið verði að vali á fulltrúum umsækjenda til kjörs í bankaráð. Fjármálaeftirlitið hefur beint þeim tilmælum til umsækjenda að stuðlað verði að því að í fyrstu taki sæti í bankaráði Búnaðarbankans fagaðilar sem ekki eigi beina aðild að hópi umsækjenda, a.m.k. að hluta til. Í svörum umsækjenda hefur verið staðfest að erlendur ráðgjafi hafi samþykkt að taka sæti í bankaráði Búnaðarbankans.

3.4 Hætta á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði (3. tölul. 42. gr.)

Fjármálaeftirlitið hefur í þessu efni leitað upplýsinga um áform um breytingar á verkefnum Búnaðarbanka Íslands hf., núverandi og fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjenda og tengdra aðila við bankann svo og eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjenda í starfsemi lögaðila. Jafnframt hefur verið leitað upplýsinga um nánin tengsl umsækjenda við aðra lögaðila. Á grundvelli framkominna upplýsinga hefur Fjármálaeftirlitið ekki ástæðu til að ætla að breyting á eignarhaldi muni leiða til hagsmunaárekstra á fjármálamarkaði í skilningi 3. tölul. 41. gr. laga nr. 161/2002. Það mat byggir m.a. á eftirfarandi:

Í samskiptum Fjármálaeftirlitsins og umsækjenda hefur verið lögð á það rík áhersla að tryggt verði að eignarhlutur þeirra í bankanum, ef af verður, skapi þeim ekki stöðu eða ávinning annan en þann sem felst í ávinningi almennra hluthafa af heilbrigðum og arðsömum rekstri bankans. Þannig muni umsækjendur, eigendur þeirra, tengdir aðilar eða kjörnir fulltrúar í bankaráði ekki njóta aðstöðu í bankanum, s.s. viðskiptakjara, íhlutunar í viðskiptalegar ákvarðanir er varða þá sjálfa, tengd félög eða samkeppnisaðila eða upplýsinga um viðskipti núverandi eða tilvonandi samkeppnisfyrirtækja.

Í þessu sambandi hefur Fjármálaeftirlitið m.a. yfirfarið nógildandi starfsreglur bankaráðs Búnaðarbanka Íslands hf., auk þess sem hugað hefur verið að starfsreglum starfsmanna bankans. Fjármálaeftirlitið hefur sett fram hugmyndir um atriði sem styrkja myndu umgjörð um viðskipti bankaráðsmanna og félaga þeim tengdum við bankann og takmarka aðgang bankaráðsmanna að upplýsingum um viðskiptamenn.

Meðal atriða sem Fjármálaeftirlitið hefur lagt til er að tryggt verði í reglum bankaráðs að upplýsingagjöf til bankaráðsmanna fari aðeins fram í gegnum bankaráð, að starfsmönnum verði óheimilt að veita bankaráðsmönnum upplýsingar um viðskiptamenn bankans, að vanhæfisreglur í bankaráði verði styrktar og að upplýsingagjöf til bankaráðs um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila taki ótvírætt til einstaklinga og fyrirtækja í nánnum tengslum við bankaráðsmenn. Þessar upplýsingar eru ennfremur liður í reglulegri upplýsingagjöf lánastofnana til Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið óskaði sjónarmiða frá umsækjendum og Búnaðarbanka Íslands hf. vegna fyrrgreindra tillagna. Af hálfu umsækjenda hefur því verið lýst yfir að þeir séu tilbúnir að vinna að breytingum á innri reglum bankans á þeim grunni sem settur hefur verið fram af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Af hálfu Búnaðarbanka Íslands hf. hefur því verið lýst yfir að vegna nýrra laga um fjármálafyrirtæki og fyrirhugaðra breytinga á eignarhaldi bankans liggi fyrir að styrkja þurfi umræddar reglur. Vinna við það sé þegar hafin.

Til viðbótar við framangreint hafa umsækjendur lýst því yfir þeir muni fela allan eignarhlut sinn sameiginlegu eignarhaldsfélagi, komi til þess að umsækjendur og tengdir aðilar muni samanlagt fara með stærri eignarhlut en 33,3% hlutafjár í Búnaðarbankanum. Að öðrum kosti verði sá hluti hlutafjárins sem er umfram hið tiltekna hlutfall seldur aðilum sem ekki teljist fara með virkan eignarhlut með umsækjendum. Sjá nánar umfjöllun um þetta í kafla 3.1.2 hér að framan.

3.5 Hvort ætla megi að eignarhald umsækjenda muni torvelda eftirlit með Búnaðarbanka Íslands hf. (5. tölul. 42. gr.)

Fjármálaeftirlitið hefur ekki tilefni til að ætla, á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, að eignarhald umsækjenda torveldi eftirlit með Búnaðarbanka Íslands hf. Umsækjendur hafa fallist á fram komin tilmæli eða ábendingar Fjármálaeftirlitsins við vinnslu málsins. Ennfremur hafa umsækjendur skuldbundið sig til tiltekinna aðgerða sem lýst hefur verið í kafla 3.1-3.4 hér að framan.

3.6 Hvort umsækjendur hafi gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar. (6. tölul. 42. gr.)

Umsækjendur hafa svarað fyrirspurnum greiðlega og hefur Fjármálaeftirlitið ekki forsendur til þess að ætla annað en að því hafi verið veittar réttar og fyrirbyggjandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið taldi í fyrirspurnum sínum að skiptu máli við mat á umsókninni.

3.7 Refsingar sem umsækjendur hafa verið dæmdir til að sæta (7. tölul. 42. gr.)

Fjármálaeftirlitinu ber samkvæmt 7. tl. 42. gr. að hafa hliðsjón af þeim refsingum sem umsækjendur hafa verið dæmdir til að sæta og hvort þeir sæti opinberri rannsókn. Í umsóknargögnum er greint frá því að meint brot Kers á samkeppnislögum séu til rannsóknar hjá Samkeppnisstofnun. Hafa forsvarsmenn umsækjenda greint Fjármálaeftirlitinu frá stöðu athugunarinnar og aðgerðum sem gripið hefur verið til af hálfu Kers. Fjármálaeftirlitið telur ekki grundvöll til að hafna umsókn umsækjenda á grundvelli umræddrar rannsóknar.

3.8 Önnur atriði sem tekin voru til skoðunar.

Til viðbótar við framangreint voru ýmis fleiri atriði tekin til athugunar. Meðal annars tók Fjármálaeftirlitið til athugunar hvort fyrirhuguð viðskipti með hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf. kynnu að hafa neikvæð áhrif á aðgang bankans að fjármögnun eða kjör á lántöku bankans. Í því efni leitaði Fjármálaeftirlitið m.a. sjónarmiða stjórnenda Búnaðarbankans. Að mati bankans munu fyrirhuguð kaup umsækjenda ekki hafa neikvæð áhrif á lánshæfismat og fjármögnunarkostnað bankans að því tilskyldu að núverandi meginstefnu bankans sé framfylgt og ekki verði farið inn á nýja og áhættumeiri markaði eða áhættustigi breytt.

Þá hafa umsækjendur lýst ítarlega sjónarmiðum sínum til rekstrarmarkmiða bankans og áformum um framtíðarrekstur hans.

Til viðbótar framangreindu draga aðgerðir og yfirlýsingar umsækjenda, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, úr hugsanlegri orðstírsáhættu sem fylgja kann svo veigamiklum breytingum á eignarhaldi.

4. Niðurstaða

Það er niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að umsækjendur teljist, miðað við fyrirliggjandi áform, hæfir til að fara með virkan eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf., með vísan til VI. kafla laga nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið veitir því hér með samþykki sitt fyrir því að Egla hf., Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar hf., Samvinnulífeyrissjóðurinn og Vátryggingafélag Íslands hf. eignist virkan eignarhlut, eða 45,8% hlutafjár, í Búnaðarbanka Íslands hf.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins er byggð á upplýsingum sem veittar hafa verið í samræmi við 41. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og mati samkvæmt 42. gr. sömu laga.

Til grundvallar ákvörðuninni liggja eftirfarandi yfirlýsingar umsækjenda um aðgerðir í því skyni að tryggja enn frekar hæfi þeirra til þess að fara með eignarhlutinn:

- Umsækjendur hafa lýst því yfir að þeir muni upplýsa Fjármálaeftirlitið um tímasetningu fullra aðilaskipta samkvæmt kaupsamningnum með nægilegum fyrirvara í því skyni að fá þá úr því skorið hvort bein eða óbein hlutdeild umsækjenda og hugsanlegra tengdra aðila í eigin fé eða atkvæðisrétti muni við þau aðilaskipti fara yfir 50%, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002.
- Umsækjendur hafa skuldbundið sig til að fela allan eignarhlut sinn sameiginlegu eignarhaldsfélagi, komi til þess að hinn virki eignarhlutur fari yfir 33,3% hlutafjár í Búnaðarbankanum. Að öðrum kosti verði sá hluti hlutafjárins sem er umfram hið tiltekna hlutfall seldur aðilum sem ekki teljist fara með virkan eignarhlut með umsækjendum. Komi til þess að ákvæði laga standi því í vegi að Samvinnulífeyrissjóðurinn geti staðið að slíkri breytingu á eignarhaldi munu umsækjendur leita viðræðna við Fjármálaeftirlitið um það.
- Umsækjendur hafa skuldbundið sig til að viðhalda tilteknu eiginfjárhlutfalli í Eglu hf. og veita Fjármálaeftirlitinu reglulega upplýsingar um fjárhagsstöðu Eglu hf. og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingar.
- Umsækjendur hafa lýst því yfir að þeir muni í krafti atkvæðisréttar síns beita sér fyrir að styrkja starfsreglur bankans í því skyni að takmarka hættu á hagsmunaaárekstrum.
- Umsækjendur hafa lýst því yfir að erlendur ráðgjafi hafi samþykkt að taka sæti í bankaráði Búnaðarbankans fyrir þeirra hönd.

Fjármálaeftirlitið telur í ljósi framkominna upplýsinga og framangreindra aðgerða og yfirlýsinga umsækjenda að þeir séu hæfir til að fara með eignarhlutinn, með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs Búnaðarbanka Íslands hf.

Umsækjendur eru minntir á að á þeim hvílir viðvarandi upplýsingaskylda taki eignarhlutur þeirra í Búnaðarbanka Íslands hf. breytingum. Ennfremur er vakin athygli á heimildum Fjármálaeftirlitsins til viðvarandi eftirlits, skv. VI. kafla og 2. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
